

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþings og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 2. október 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026, 2. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 18. september sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 2. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026.

Í frumvarpinu eru nokkrar mikilvægar breytingar sem varða lífeyrissjóði með beinum eða óbeinum hætti sem LL vilja koma sjónarmiðum og athugasemdum við.

Eftirlitsgjald, VII. kafli frumvarpsins, breyting á l. 99/1999

Með ákvæðum í VII. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á ákvæðum í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

Í tengslum við álagningu á eftirlitsgjaldi ber að árétta það sem áður hefur ítrekað komið fram þ.e. að eftir sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands sem nú eru liðin tæp fimm ár frá hlýtur að mega ætla að hagræðing hafi náðst í rekstri. Að sama skapi hlýtur einnig að mega ætla að forsendur væru til lækkunar á eftirlitsgjaldinu en sú hefur ekki verið raunin.

Heildarhækkun þess hluta sem fellur á lífeyrissjóði hækkar nú skv. frumvarpinu um 13% en er þó mismikil milli sjóða. Afar umdeilt hefur verið meðal lífeyrissjóða hvernig gjaldið skiptist þeirra á milli og sú ólíka sýn hefur komið fram í umsögnum þeirra um breytingar á lögum er tengjast fjárlögum fyrri ára.

Þrátt fyrir ofangreinda hækkun á gjaldinu er nú gert ráð fyrir sérstakri gjaldtöku fyrir lögbundin eftirlitsstörf með hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sbr. f. liður 14. gr. frumvarpsins. Er hér um nýmæli að ræða þar sem sérstakt fast gjald skuli tekið vegna hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Slík sérstök gjaldtökuheimild ætti eðli máls samkvæmt að stuðla að lækkun eftirlitsgjalds, skv. 5. gr. l. 99/1999 sem ekki virðist vera raunin.

Umræddar hækkanir á eftirlitsgjaldi eru ekki í neinu samræmi við hagspár fyrir árið 2026.

Breyting á gjaldi vegna reksturs umboðsmanns skuldara, 15. gr. frumvarpsins

Í 15. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum nr. 166/2011 um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.

Hér vilja LL ítreka og áréttast sérstaklega að þau mál sem hafa verið að berast UMS sl. ár eru fyrst og fremst vegna neyslulána eða annarra skulda, oft ótryggðra, sem eru við aðra aðila en þá sem veita fasteignalán. Rekja má greiðsluvanda skjólstæðinga UMS fyrst og fremst til erfiðleika við að standa skil á öðrum skuldbindingum en fasteignalánum, s.s. skuldum tengdum neyslulánum eða opinberum gjöldum og tengjast í flestum tilfellum hópum sem glíma við félagslega erfiðleika. Er því löngu orðið tímabært að yfirfara hverjir það eru sem standa straum af kostnaði við þjónustu umbjóðenda UMS.

Samráðsnefnd gjaldskyldra aðila sem skipuð er af ráðherra, sbr. 3. gr. laga nr. 166/2011 skilaði umsögn sinni, dags. 11. júní 2025. Í umsögninni er ýmislegt tilgreint sem afar brýnt er að komist í faglegan farveg á vegum stjórnvalda. Margt í umsögninni hefur áður komið fram en vilja LL leggja sérstaka áherslu á 5. lið í umsögninni sem ber heitið „Tímabær þörf á heildarendurskoðun á UMS“ en þar segir:

„**Tímabær þörf á heildarendurskoðun á UMS.** Í stuttu máli var meginmarkmið með stofnun UMS að greiða úr vanda íslenskra heimila vegna skulda þeirra í kjölfar hrunsins. Þau mál eru nú öll að baki fyrir þó nokkrum árum og starfsemi og verkefni UMS í dag langt frá því sem upphaflega var lagt af stað með. Vægi mála sem tengjast lánastofnunum og lífeyrissjóðum, sem fjármagna stóran hluta starfseminnar, er mikið minna í dag án þess að tekið hafi verið tillit til hlutdeildar þeirra í fjármögnun starfseminnar. Nefndin telur löngu tímabært að stofnaður verði vinnuhópur sem fari í heildarendurskoðun á starfsemi og lögum sem snúa að UMS m.t.t. fjármögnunar, verkefna, hlutverks og hugsanlegrar sameiningar við t.d. Neytendastofu, Tryggingastofnun eða félagsþjónustu sveitarfélaga.“

Vilja LL skora á núverandi stjórnvöld að yfirfara og taka afstöðu til þess hvort ekki sé unnt að koma starfsemi UMS í betra horf og líta til þess hvernig fjármunum verði best varið, gjalddata sé í samræmi við skjólstæðingahópinn og ekki síður hvort annað fyrirkomulag starfseminnar geti þjónustað þennan viðkvæma hóp með markvissari og betri hætti.

Framtíðarskipan á samspili greiðslna örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða, starfsendurhæfing, 18. og 22. gr. frumvarpsins

Umtalsverðar breytingar tóku gildi þann 1. september sl. á endurhæfingar- og örorkulífeyriskerfi almannatrygginga. Samhliða hefur ekki verið hugað að því hvernig samspili á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða skuli háttað. Vilja LL áréttast alvarleika þess að ekki hefur verið fundin framtíðarlausn á málinu. Afar brýnt er að aðilar fái svigrúm í tíma til að finna málinu farsælan farveg og því aldrei verið mikilvægara en nú að stjórnvöld standi við samninga sína um greiðslu jöfnunarframlags örorkulífeyris en ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði í fjárlögum ársins 2026 sem vitaskuld sætir verulegri furðu.

18. gr. frumvarpsins kveður á um framlengingu á ákvæði XV til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 en ákvæðið kveður á

um að framlag lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóða skuli ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna. LL styðja þessa framlengingu ákvæðisins enda þarf að vinna að framtíðarstefnu í málaflokknum á heildstæðan hátt, þ.e. huga að samspili greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða með það að markmiði að draga úr örorku. Þeirri vinnu er því miður ólokið en aldrei hefur verið mikilvægara en nú að hraða þeirri vinnu þar sem breytingar á endurhæfingar- og örorkulífeyri almannatrygginga hafa þegar tekið gildi.

Umræddar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni byggjast á því að öflug og aðgengileg starfsendurhæfing sé til staðar. Þrátt fyrir það er í 22. gr. frumvarpsins enn og aftur lögð til framlenging á ákvæði sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki hlutdeild í almennu tryggingagjaldi. Hér hefur því miður haldist óbreytt ástand til margra ára en starfsendurhæfing er forsenda þess að breytingar á almannatryggingalöggjöfinni nái markmiðum sínum á þann veg að aðstoða fólk til virkrar þátttöku á vinnumarkaði. Hér ber að rifja það upp að VIRK starfsendurhæfingarsjóður var settur á laggirnar og um það samið að fjármögnun myndi skiptast milli vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og ríkisins. Stjórnvöld hafa ekki að fullu staðið við sinn hluta en greiðsluþátttöku er haldið gagnvart öðrum aðilum samkomulagsins.

Í umsögn LL um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga ársins í ár, sagði:

„Miklar vonir standa til þess að breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga verði til hagsbóta fyrir þá sem hafa skerta starfsorku. Í þessu sambandi verður þó ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að ekki er heillavænt að gera breytingar á almannatryggingakerfinu án þess að líta samhliða til þess hvernig samspili greiðslna verður háttað við greiðslur lífeyrissjóða. Því er nú brýnt að vinna hratt og vel að því að meta greiðslukerfi þeirra sem eru með skerta starfarku heildstætt og líta þar bæði til lífeyris frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Um helmingur þeirra sem fá greiðslur frá almannatryggingum vegna skertrar starfsorku fá samhliða greiðslur úr lífeyrissjóðakerfinu. Því skiptir miklu máli að fram fari greining á áhrifum breytinga á samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða í þeim tilgangi að tryggja að kerfin vinni saman. LL hafa ítrekað bent á það að mikilvægt sé að rýna breytingar á greiðslum frá lífeyrissjóðum samhliða því að umfangsmiklar breytingar séu gerðar á greiðslum almannatrygginga. Er því afar brýnt að nú verði unnið hratt og örugglega að því að finna framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum þessara tveggja kerfa. Að slíkum breytingum ber að vinna í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og óska LL eftir því að eiga aðkomu að slíkri vinnu við að móta heildstætt greiðslukerfi örorkulífeyris.

Því er það von LL að nú þegar verði hafin markviss vinna við að móta heildstæða sýn á málaflokkinn í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og vilja LL benda á að hjá lífeyrissjóðum er fyrir að finna mikla þekkingu sem vert er að nýta.“

Afar mikilvægt er að nú verði unnið hratt og örugglega að því að finna málinu framtíðarlausn en núverandi aðstæður þar sem ekki er lagt upp með greiðslu jöfnunarframlags örorkulífeyris og að ríkið greiði ekki sinn umsamda hluta við fjármögnun starfsendurhæfingar býr til stöðu þar sem óöryggi skapast og kyndir undir ósætti um skipan lífeyrismála.

LL vona að stjórnvöld sýni málaflokknum viðeigandi athygli og haldi greiðslum á jöfnunarframlagi örorkulífeyris áfram sem er forsenda þess að aðilar fái ráðrúm í tíma til að finna málinu framtíðarlausn.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Umsögn samráðsnefndar gjaldskyldra aðila, sbr. l. nr. 166/2011, dags. 11. júní 2025.